

Veitur ohf.
Ársreikningur 2024

Veitur ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 501213-1870

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjárfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastýru

Veitur ohf. eru opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan), en félagið er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur – Eigna ohf. sem eru alfarið í eigu Orkuveitunnar. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Aðal starfsemi Veitna er dreifing rafmagns og framleiðsla og dreifing á heitu vatni.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn félagsins skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Stjórnarfolk skal hafa staðgóða menntun sem nýtist í starfi, og hafa reynslu og þekkingu á starfssviði félagsins. Eftir ábendingu innri endurskoðanda var vægi óháðra stjórnarmanna aukið á árinu 2024. Í stjórn Veitna ohf. í árslok 2024 voru:

- Hrund Rudolfsdóttir, viðskiptafræðingur, formaður.
- Ágúst Þorbjörnsson, rekstrarráðgjafi.
- Ásgeir Westergren, sérfræðingur á fjármálasviði Orkuveitunnar.
- Guðrún Erla Jónsdóttir, PhD í stjórnun og stefnumótun.
- Íris Baldursdóttir, verkfræðingur og framkvæmdastjóri Snerpa Power.

Framkvæmdastýra er Sólrún Kristjánsdóttir, B.A uppeldis og menntunarfræðum og M.Sc. Stjórnun og stefnumótun.

Starfsreglur stjórnar Veitna eru aðgengilegar á vef félagsins www.veitur.is. Í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðuársreikningi Orkuveitunnar 2024 er nánar fjallað um stjórnarhætti í og áhættustýringu í skýringum númer 27-32.

Fjárhagslegar niðurstöður

Hagnaður af rekstri Veitna ohf. á árinu 2024 nam 3.695 milljónum kr. (2023: 2.223 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 147.803 milljónum króna (31.12.2023: 140.121 milljónir kr.). Eigið fé nam 75.416 milljónum kr. í árslok (31.12.2023: 74.720 milljónir kr.) og var eiginfjárlutfall félagsins 51,0% (31.12.2023: 53,3%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2024 er 245,5 (2023: 246,9 ársverk).

Stjórn Veitna leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til eiganda á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024 að fjárhæð 3.500 milljónir kr. Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Árangur og óvissuþættir

Mikilvægum áföngum var náð á árinu í rekstri hitaveitna. Heitt vatn fannst á Brimnesi á Kjalarnesi og þar með hefur áður óþekkt jarðhitauuðlind á höfuðborgarsvæðinu verið staðfest. Þá var ný rannsóknarhola boruð með ágætum árangri á Geldinganesi það svæði því færst nær því að verða tekið í nýtingu fyrir hitaveituna. Vonir standa því til að tvö ný lághitasvæði bætist við á höfuðborgarsvæðinu, þar sem aukning notkunar er mikil. Annar áfangi var þegar Suðuræð II var tekin í notkun. Hún mun auka afkastagetu og rekstraröryggi hitaveitunnar fyrir suðurhluta höfuðborgarsvæðisins. Þá var ný borhola tekin í rekstur í Gljúfurárholti fyrir Austurveitu sem bætir mjög rekstrarskilyrði þeirrar veitu. Ein stærstu innkaup Veitna á árinu 2024 tengdust einnig eflingu og stækkun hitaveitna þar sem samið var við North Tech Drilling í einu stærsta borútboði síðari ára.

Skipulagsbreytingar voru gerðar hjá Veitum sem fólu í sér að þjónusta var gerð að kjarnasviði og öll þjónusta við viðskiptavini og viðbragð sett í einn hóp. Sá árangur, að hreppa þriðja sæti í sínum flokki á Evrópsku þjónustuverðlaununum ECCCSA (European Contact Centre and Customer Service Awards), er m.a. rakinn til þessara áherslubreytinga. Á árinu hlutu Veitur einnig viðurkenningu Keldunnar og Viðskiptablaðsins fyrir að vera fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri. Nýtt svið Sjálfbærni og viðskiptaþróunar var sett á laggirnar með það fyrir augum að efla samstarf við sveitarfélög og þróunarfélög. Nýtt svið stafrænnar umbreytingar var einnig stofnað. Það ber ábyrgð á þróun og eflingu stafrænna innviða Veitna. Áhersla er lögð á viðskiptagreind og gagnavísindi til að hámarka árangur, greina ný tækifæri og tryggja skilvirka eftirfylgni stefnumótunar og ákvarðana.

Nýjar áherslur voru settar í útboðum um þjónustu og viðhald vegna veitukerfa Veitna. Markmiðið er að auka fyrirsjáanleika fyrir samstarfaðila, fá fleiri öfluga samstarsfaðila inn sem geta séð um verk frá upphafi til enda og bæta þannig þjónustu við viðskiptavini.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.:

Árangur og óvissupættir, frh.

Rafveita Veitna þjónar um sex af hverjum tíu landsmönnum og áfram er unnið að margvíslegri uppfærslu hennar til að þjóna orkuskiptum í samgöngum. Til að styðja við þau hafa Veitur einnig stutt við uppbyggingu hverfa-, heima- og hraðhleðsla og stutt önnur fyrirtæki í sínum orkuskiptum. Búast má við að með orkuskiptum og áframhaldandi fólksfjölgun tvöfaldist raforkudreifing Veitna á næstu 20-30 árum. Slík aukning mun verða mikil áskorun en felur jafnframt í sér verulegan samdrátt í notkun jarðefnaeldsneytis, loftslaginu til góða.

Alls voru 5 km af loftlínum færðar í jörðu á árinu 2024 til eflingar afhendingaröryggi. Þetta bætist við þá 39 km. loftlína sem lagðar hafa verið í jörðu síðustu þrjú ár. Enn telja loftlínur Veitna um 20 km. og áformað er að allar verði komnar í jörðu á árunum 2027-2028. Á árinu 2024 voru 25 nýjar dreifistöðvar tengdar kerfinu og 14 stöðvar endurnýjaðar. Hönnun nýrrar aðveitustöðvar A13 er lokið og framkvæmdir hefjast 2025.

Fjármögnun Veitna er í gegnum móðurfélagið og á árinu var ákveðið að ráðast í fjármögnun að fjárhæð 75 milljóna evra til eflingar veitukerfa frá Evrópska þróunarbankanum, CEB.

Nýsköpun er mikilvæg í starfsemi Veitna. Á árinu náðist mikilsverður árangur í meðferð virkjavatns í hitaveitunni svo það megi blandast vatni frá lághitasvæðum í dreifikerfinu. Takist það eflir það mjög nýtni í hitaveitunni og eflir rekstraröryggi. Áherslan helst í hendur við aukið samfélagslegt samstarf Veitna. Nýsköpunarfestival var haldið og opinn fundur um hugmyndir að nýtingu sands sem fellur til í fráveitunni en er þar til trafala. Veitur og Reykjavíkurborg sömdu um brúarsmið og eflingu umhverfisverndar í Elliðaárdal.

Veitur eru inngildandi vinnustaður. Á árinu sat allt starfsfólk Veitna viðamikið jafnréttisnámskeið það að markmiði að fræða starfsfólk um jafnrétti og fjölbreytileika og stuðla að inngildandi vinnustaðamenningu.

Náttúruvá er viðvarandi óvissupáttur í rekstri- og uppbyggingu veitukerfa. Snemma árs 2024 hljóp starfsfólk Veitna til og flutti heitt vatn til að verja hitaveituna á Suðurnesjum skemmdum eftir að aðflutningsæð hennar fór í sundur í eldgosi. Veitur stefna að fjölbreyttum aðföngum hitaveituvatns til höfuðborgarsvæðisins. Ný jarðhitasvæði sem fundust á árinu eru þar mikilvægust og einnig er horft til aðfanga að sunnanverður höfuðborgarsvæðinu, m.a. með samstarfi við HS Orku, sem hefur rannsóknarleyfi á jarðhita í Krýsuvík.

Þétting byggðar umfram það sem hönnun veitukerfa gerir ráð fyrir er áskorun þar sem mikil ný byggð innanum eldri getur kallað á aukna flutningsgetu burðaræða veitnanna.

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar 2024 er fjallað um ófjárhagsleg málefni Veitna ohf., þ.á.m. stjórnarhætti, sbr.gr. 66d í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðureikningurinn er nú gerður með hliðsjón af væntanlegum breytingum á lögum um ársreikninga, þ.e. innleiðingu tilskipunar ESB 2022/2464 um sjálfbærnireikningsskil (Corporate Sustainable Reporting Directive – CSRD).

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastýru Veitna er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastýru Veitna gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins, sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastýra Veitna staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Reykjavík, 27. febrúar 2025

Í stjórn félagsins:

Hrund Rudolfsdóttir
Ágúst Þorbjörnsson
Ásgeir Westergren
Guðrún Erla Jónsdóttir
Íris Baldursdóttir

Framkvæmdastýra:

Sólrun Kristjánsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Veitna ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Veitna ohf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Mat veitukerfis

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu skýringu 21 (b) bls. 22 til 23 og skýringu 10 á bls. 16 til 17:

Við höfum skilgreint mat veitukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2024. Veitukerfi eru metin út frá afskrifuðu endurstofnverði.

Það felur í sér að lagt er mat á breytingu byggingarkostnaðar samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar eru endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Félagið framkvæmir virðisrýrnunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýrnun á eignirnar ef niðurstaðan er sú að núvirt tekjustreymi eignanna er lægra en bókfært virði þeirra. Einnig getur endurmat eignanna aldrei orðið hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi þeirra.

Forsendur sem notaðar eru við endurmatið, þegar það á við, og virðisrýrnunarprófið byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglægar. Þar sem eignfærð veitukerfi eru verulegur liður í ársreikningnum getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins.

Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýrnun veitukerfa.

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á veitukerfa og samkvæmni þess við lög og reglur.

Við fórum yfir ferli við endurmatið og virðisrýrnunarpróf. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem notast er við matið.

Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði við opinberar upplýsingar þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur byggja ekki á opinberum upplýsingum lögðum við sjálfstætt mat á forsendur stjórnenda.

Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Megináherslur við endurskoðunina, frh.:

Skýring á lykilatríði í endurskoðuninni

Hvernig var brugðist við lykilatríði í endurskoðun

Innlausn tekna

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 21 (a) á bls. 22:

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru innleystar miðað við mælingar inná kerfin að teknu tilliti til orkutapa sem eiga sér stað í dreifikerfum. Mismunur á því magni sem kemur inná kerfin að frádregnum töpum og reikningsfærðri notkun myndar tímabilsleiðréttingu sem er færð á reikningsskiladegi.

Sökum þess að tekjuskráning í lok ársins er byggð á áætlun stjórnenda er ákveðin óvissa bundin í tekjuskráningu er snýr að lotun tekna og tilvist. Af þeim sökum beinum við sjónum okkar sérstaklega að lotun tekna í endurskoðuninni, auk annarra endurskoðunaraðgerða er snúa að tekjuinnlausn.

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna.

Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi þar sem við höfum meðal annars farið yfir hvernig aðgangsstýringum er áttað inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. yfirfarið afstemmingar á undir og yfirkerfi, beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á mótteknu magni raforku og heitu vatni, veltu og stöðu í viðskiptamannabókhalda í árslok. Við höfum einnig skoðað innborganir eftir áramótin þar sem ekki fékkst staðfest staða frá viðskiptavinum.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir þar sem við höfum borið saman við væntingar okkar við raunverulega tekjuskráningu hjá samstæðunni.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastýra eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ársskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastýru (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðra stjórnarháttaryfirlýsingu samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastýru á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastýra eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastýra eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastýra ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á áliti okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Veitum ohf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent forstjóra og endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Áritun óháðra endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.:

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastýru og endurskoðunarnefnd félagsins um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 18. apríl 2024 en þetta er sjöunda samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 27. febrúar 2025

Davíð Arnar Einarsson

Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur	5	<u>37.636.027</u>	<u>33.357.242</u> *
		37.636.027	33.357.242
Orkukaup og flutningur	6	(10.313.654)	(8.203.818)
Laun og launatengd gjöld	7	(3.672.468)	(3.560.988)
Annar rekstrarkostnaður	8	<u>(10.166.007)</u>	<u>(9.518.423)</u> *
Rekstrarkostnaður samtals		<u>(24.152.130)</u>	<u>(21.283.229)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		13.483.897	12.074.013
Afskriftir	10	<u>(5.054.821)</u>	<u>(4.698.409)</u>
Rekstrarhagnaður (EBIT)		8.429.077	7.375.604
Vaxtatekjur		251.125	185.005
Vaxtagjöld og verðbætur		(4.004.879)	(4.776.610)
Gengismunur		<u>9.321</u>	<u>(5.340)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(3.744.434)</u>	<u>(4.596.944)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.684.643	2.778.660
Tekjuskattur	9	<u>(989.256)</u>	<u>(555.736)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>3.695.387</u></u>	<u><u>2.222.924</u></u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá skýringu 3.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	140.863.638	133.959.513
Óefnislegar eignir	11	12.085	0
Eignarhluti í OR vatns- og fráveitu sf.	12	2	2
Fastafjármunir samtals		<u>140.875.725</u>	<u>133.959.515</u>
Viðskiptakröfur	13	4.549.953	2.987.386
Skammtímaskröfur á tengda aðila	13,19	655.530	629.022
Aðrar skammtímaskröfur	13	148.991	289.435
Laust fé í ávöxtun hjá móðurfélagi	13,19	1.211.200	2.043.250
Handbært fé	14	361.765	212.338
Veltufjármunir samtals		<u>6.927.438</u>	<u>6.161.431</u>
Eignir samtals		<u>147.803.164</u>	<u>140.120.946</u>
Eigið fé			
Hlutafé		4.000	4.000
Endurmatsreikningur		42.098.008	44.058.224
Lögbundinn varasjóður		1.000	1.000
Óráðstafað eigið fé		33.312.570	30.656.967
Eigið fé samtals		<u>75.415.578</u>	<u>74.720.191</u>
Skuldir			
Langtímalán frá móðurfyrirtæki	15	51.418.767	45.958.498
Lífeyrisskuldbinding	16	739.347	721.527
Tekjuskattsskuldbinding	17	12.854.266	12.963.800
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>65.012.381</u>	<u>59.643.825</u>
Viðskiptaskuldir	18	1.454.926	1.543.493
Næsta árs afborgun langtímalána við móðurfyrirtæki	15	1.790.882	1.513.547
Ógreiddir reiknaðir skattar		1.098.789	535.325
Skammtímaskuldir við tengd félög	19	2.196.555	1.308.291
Aðrar skammtímaskuldir	18	834.052	856.274
Skammtímaskuldir samtals		<u>7.375.205</u>	<u>5.756.930</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>72.387.586</u>	<u>65.400.755</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>147.803.164</u>	<u>140.120.946</u>

Eiginfjáryfirlit 2024

Árið 2024	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2024	4.000	44.058.224	1.000	30.656.967	74.720.191
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(2.450.271)		2.450.271	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		490.054		(490.054)	0
Greiddur arður				(3.000.000)	(3.000.000)
Hagnaður ársins				3.695.387	3.695.387
Eigið fé 31. desember 2024	4.000	42.098.008	1.000	33.312.570	75.415.578
Árið 2023					
Eigið fé 1. janúar 2023	4.000	40.476.549	1.000	28.577.304	69.058.853
Endurmat, hækkun		6.798.018			6.798.018
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(1.359.604)			(1.359.604)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(2.320.924)		2.320.924	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		464.185		(464.185)	0
Greiddur arður				(2.000.000)	(2.000.000)
Hagnaður ársins				2.222.924	2.222.924
Eigið fé 31. desember 2023	4.000	44.058.224	1.000	30.656.967	74.720.191

Sjóðstreymisýfirlit 2024

	2024	2023
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	3.695.387	2.222.924
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3.744.434	4.596.944
Lífeyrisskuldbinding, breyting	21.820	58.067
Tekjuskattur	989.256	555.736
Söluhagnaður fastafjármuna	1.091	0
Afskriftir	5.054.821	4.698.409
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	13.506.808	12.132.080
Skammtímakröfur, hækkun	(1.419.333)	(234.893)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(129.864)	17.784
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	11.957.611	11.914.971
Innborgaðar vaxtatekjur	248.335	182.670
Greidd vaxtagjöld	(1.712.168)	(1.440.147)
Greiddir skattar	(490.092)	(481.377)
Handbært fé frá rekstri	10.003.687	10.176.117
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10 (11.966.037)	(9.750.598)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	11 (12.217)	0
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	30.527	0
Fé í ávöxtun hjá móðurfélagi, breyting	832.050	(788.445)
Staða við tengd félög, breyting	816.524	328.214
Fjárfestingarhreyfingar	(10.299.153)	(10.210.829)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(3.000.000)	(2.000.000)
Ný langtímalán frá móðurfyrirtæki	5.000.000	3.400.000
Afborgun lána frá móðurfyrirtæki	(1.555.107)	(1.314.909)
Fjármögnunarhreyfingar	444.893	85.091
Hækkun á handbæru fé	149.427	50.379
Handbært fé í ársbyrjun	212.338	161.959
Handbært fé í árslok	14 361.765	212.338
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10 (24.396)	(495.222)
Skammtímaskuldir, breyting	24.396	495.222
Aðrar upplýsingar:		
Veltufé frá rekstri	10.956.296	10.177.075
Veltufé frá rekstri greinist þannig:		
Hagnaður ársins	3.695.387	2.222.924
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:		
Afskriftir	5.054.821	4.698.409
Verðbætur	2.292.711	3.336.463
Tekjuskattsskuldbinding	(109.533)	(138.788)
Söluhagnaður fastafjármuna	1.091	0
Lífeyrisskuldbinding	21.820	58.067
Veltufé frá rekstri	10.956.296	10.177.075

Skýringar

1. Félagið

Veitna ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið sér um dreifingu rafmagns og varmaorku frá lághitasvæði auk varmaorkuvinnslu á lághitasvæði auk reksturs á OR vatns- og fráveitu sem er rekið í sérstöku félagi. Það er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu OR Eigna ohf. sem er félag að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan). Ársreikningur Veitna ohf. er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitunnar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 21.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýrinu 10 um varanlega rekstrarfjármuni.

3. Leiðrétting á samanburðarfjárhæðum

Við yfirferð á flokkun tekna og gjalda félagsins kom í ljós að tiltekin gjöld höfðu ranglega verið jafnað saman á móti tekjum. Í samræmi við IAS 8 hefur samanburðartölum vegna ársins 2023 því verið breytt.

Rekstrarreikningur (samandregið)	Áður birt		2023
	2023	Leiðrétting	Leiðrétt
Rekstrartekjur.....	33.013.143	344.099	33.357.242
Annar rekstarkostnaður.....	(9.174.324)	(344.099)	(9.518.423)

Skýringar

4. Starfsþáttayfirlit

	Rafmagn	Heitt vatn	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Árið 2024					
Tekjur frá þriðja aðila	10.075.799	21.008.585	6.551.643	0	37.636.027
Tekjur milli starfsþátta	350.191	4.854	3.202	(358.247)	0
	10.425.990	21.013.439	6.554.845	(358.247)	37.636.027
Orkukaup og flutningur	3.156.107	7.157.547	0	0	10.313.654
Annar rekstrarkostnaður	2.846.457	4.955.666	6.394.600	(358.247)	13.838.476
	6.002.563	12.113.213	6.394.600	(358.247)	24.152.130
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	4.423.427	8.900.226	160.245	0	13.483.897
Fjárfesting	4.503.197	7.478.014	21.439	0	12.002.649
Árið 2023					
Tekjur frá þriðja aðila	8.708.812	18.458.266	6.190.164	0	33.357.242
Tekjur milli starfsþátta	306.165	5.037	0	(311.202)	0
	9.014.977	18.463.304	6.190.164	(311.202)	33.357.242
Orkukaup og flutningur	2.679.928	5.523.890	0	0	8.203.818
Annar rekstrarkostnaður	2.787.456	4.322.990	6.280.168	(311.202)	13.079.411
	5.467.383	9.846.881	6.280.168	(311.202)	21.283.229
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	3.547.594	8.616.423	(90.004)	0	12.074.013
Fjárfesting	3.535.111	6.678.676	32.034	0	10.245.820

5. Rekstrartekjur

	2024	2023
Tekjur af sölu á rafmagni	9.721.728	8.194.006
Tekjur af sölu á heitu vatni	20.536.080	18.034.070
Sala á þjónustu efni og vinnu til tengdra aðila	6.394.688	5.813.313
Tekjur vegna tenginga	638.434	761.983
Aðrar tekjur	345.097	553.870
	37.636.027	33.357.242

6. Orkukaup og flutningur

Orkukaup	7.157.547	5.523.890
Flutningur rafmagns	3.156.107	2.679.928
	10.313.654	8.203.817

Skýringar

7. Laun og launatengd gjöld

Laun	3.515.037	3.335.315
Mótframlag í lífeyrissjóði	459.234	436.919
Önnur launatengd gjöld	320.508	291.630
Breyting lífeyrisskuldbindingar	68.592	100.057
	<u>4.363.371</u>	<u>4.163.921</u>

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í reikningsskilin:

Gjaldfært í rekstrarreikningi	3.672.468	3.560.988
Eignfært á framkvæmdir	690.903	602.933
	<u>4.363.371</u>	<u>4.163.921</u>

Starfsmannafjöldi:

Fjöldi ársverka	245,5	246,9
-----------------------	-------	-------

Laun stjórnenda:

Laun og mótframlag í lífeyrissjóð til stjórnar og framkvæmdastýru á árinu námu 53,3 milljónir kr. (2023: 44,6 milljónir kr.).

8. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Rekstur veitukerfa og þjónusta við systurfélög	6.342.445	5.897.219
Þjónustusamningar	2.890.281	2.788.838
Rekstur fasteigna	235.567	205.271
Skrifstofukostnaður	327.750	269.609
Aksturskostnaður	270.391	231.172
Starfsmannakostnaður	99.574	126.314
	<u>10.166.007</u>	<u>9.518.423</u>

Þóknun endurskoðanda

Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	4.207	4.680
Samtals þóknun endurskoðanda	<u>4.207</u>	<u>4.680</u>

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

	2024	2023
Tekjuskattur til greiðslu	1.098.789	535.325
Breyting á frestuðum tekjuskatti	(109.533)	20.411
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	<u>989.256</u>	<u>555.736</u>

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

	2024	2023
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	<u>4.684.643</u>	<u>2.778.660</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	21,0% 983.775	20,0% 555.732
Áhrif á breyttu skatthlutfalli	0,12% 5.477	-
Aðrir liðir	(0,00%) 4	(0,00%) 4
Virkur tekjuskattur	<u>21,1% 989.256</u>	<u>20,0% 555.736</u>

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Framleiðslu- kerfi	Dreifi- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
31.12.2024					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	102.001.357	208.189.262	1.171.398	384.797	311.746.814
Selt á árinu	0	0	0	(141.362)	(141.362)
Viðbætur á árinu	3.407.468	8.491.451	8.105	83.409	11.990.432
Staða í árslok	105.408.825	216.680.713	1.179.503	326.844	323.595.885
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	59.821.118	117.502.503	232.269	231.412	177.787.302
Selt á árinu	0	0	0	(109.744)	(109.744)
Afskrifað á árinu	1.585.244	3.411.575	20.612	37.258	5.054.689
Staða í árslok	61.406.362	120.914.078	252.881	158.926	182.732.247
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1.2024	42.180.240	90.686.759	939.129	153.385	133.959.513
Bókfært verð 31.12.2024	44.002.464	95.766.635	926.621	167.918	140.863.638
Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok:					
Endurmetið bókfært verð	44.002.464	95.766.635	926.621	167.918	140.863.638
Þar af áhrif endurmats	17.748.764	34.873.745	0	0	52.622.510
Bókfært verð án endurmats	26.253.700	60.892.890	926.621	167.918	88.241.129
31.12.2023					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	93.420.633	189.886.824	1.166.407	359.896	284.833.761
Viðbætur á árinu	3.026.464	7.189.464	4.991	24.901	10.245.820
Endurmat	5.554.260	11.112.974	0	0	16.667.233
Staða í árslok	102.001.357	208.189.262	1.171.398	384.797	311.746.814
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	54.961.717	107.856.838	211.810	189.313	163.219.678
Afskrifað á árinu	1.500.704	3.135.147	20.459	42.098	4.698.409
Endurmat	3.358.697	6.510.517	0	0	9.869.215
Staða í árslok	59.821.118	117.502.503	232.269	231.412	177.787.302
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1.2023	38.458.917	82.029.986	954.597	170.583	121.614.083
Bókfært verð 31.12.2023	42.180.240	90.686.759	939.129	153.385	133.959.513
Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok:					
Endurmetið bókfært verð	42.180.240	90.686.759	939.129	153.385	133.959.513
Þar af áhrif endurmats	18.580.041	36.492.740	0	0	55.072.781
Bókfært verð án endurmats	23.600.199	54.194.019	939.129	153.385	78.886.732

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Endurmat

Í lok september 2023 var síðast endurmat á öllu veitukerfinu en það er mat stjórnenda að óverulegar breytingar hafa verið á gangvirði frá þeim tíma.

Við endurmatið eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Endurmat er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning var stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi félagsins. Veitukerfi fyrir heitt vatn og rafmagn eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa.

Fasteignamat og váttryggingaverð

Í árslok 2024 var fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 11.950 milljónir kr. (2023: 11.042 milljónir kr.) og brunabótamat þeirra nam 14.196 milljónum kr. (2023: 13.577 milljónir kr.). Váttryggingarverðmæti eigna félagsins nam 212.880 milljónum kr. í árslok 2024 (2023: 203.957 milljónir kr.).

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð í lok september 2024. Stuðst var við rauntölur fyrir janúar til september og útkomuspá fyrir október til desember til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarprófin voru gerð á tvær sjóðskapandi einingar; hitaveitukerfi og rafmagnsveitukerfi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi ekki til virðisrýrnunar og engar vísbendingar eru um virðisrýrnun í árslok 2024.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófa eru eftirfarandi:

- Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 5,93% til 6,02% (2023: 6,12% til 6,22%)
- Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 0,50% til 0,78% (2023: 0,10% til 0,15%)

Nánar er fjallað um endumat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 21 b.

11. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður
Bókfært verð 1.1.2024	0
Viðbætur á árinu	12.217
Afskrifað á árinu	(132)
Bókfært verð 31.12.2024	<u>12.085</u>

12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Veitur ohf. eiga 0,1% hlut í OR vatns- og fráveitu sf. á móti 99,9% eignarhlut Orkuveitunnar. OR vatns- og fráveita sf. sér um vatnsöflun og dreifingu á köldu vatni auk reksturs fráveitu. OR vatns- og fráveita sf. er staðsett á Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

Skýringar

13. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	4.664.953	3.089.386
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(115.000)	(102.000)
	<u>4.549.953</u>	<u>2.987.386</u>
Skammtímakröfur á tengda aðila greinast þannig:		
Kröfur á móðurfyrirtæki vegna ávöxtunar á handbæru fé	1.211.200	2.043.250
Aðrar kröfur á tengda aðila í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur	655.530	629.022
	<u>1.866.730</u>	<u>2.672.271</u>
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fjármagnstekjuskattur	16.887	14.097
Inneign virðisaukaskatts	120.582	264.638
Fyrirframgreiddur kostnaður	9.938	9.535
Aðrar kröfur	1.585	1.165
	<u>148.991</u>	<u>289.435</u>

14. Handbært fé

Handbært fé í lok ársins samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í lok ársins nemur 1.211,2 milljónum kr. (31.12.2023: 2.043,3).

15. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í ISK, verðtryggt	53.209.649	47.472.045
Næsta árs afborgun langtímalána	(1.790.882)	(1.513.547)
	<u>51.418.767</u>	<u>45.958.498</u>
Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:		
Afborganir árið 2024.....	-	1.513.547
Afborganir árið 2025.....	1.790.882	1.550.541
Afborganir árið 2026.....	1.830.871	1.588.710
Afborganir árið 2027.....	1.872.130	1.628.090
Afborganir árið 2028.....	1.914.698	1.668.719
Afborganir árið 2029.....	1.958.617	-
Afborganir síðar.....	43.842.452	39.522.438
	<u>53.209.649</u>	<u>47.472.045</u>

16. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna í réttindatengdum lífeyriskerfum. Skuldbinding þessi er vegna fyrirtækja sem sameinuðust Orkuveitunni á sínum tíma. Eftir uppskiptingu Orkuveitunnar hvílir skuldbindingin nú á Veitum ohf.

Í árslok var áfallin lífeyrisskuldbinding félagsins metin um 785 milljónir kr., núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins (2023: 764 milljónir kr.). Félagið uppfærir lífeyrisskuldbindinguna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings þegar það liggur fyrir ár hvert. Forsendur um lífslíkur eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á árinu byggir á almennri hækkun launa að teknu tilliti til vaxta. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu er færð til gjalda í rekstrarreikningi á meðal launa og launatengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem áætlaður er til greiðslu á árinu 2025 er færður meðal skammtímaskulda.

Skýringar

16. Lífeyrisskuldbinding, frh.

	31.12.2024	31.12.2023
Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:		
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun.....	763.527	705.460
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu.....	(46.772)	(41.990)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu á árinu.....	68.592	100.057
Lífeyrisskuldbinding í árslok.....	<u>785.347</u>	<u>763.527</u>
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar.....	739.347	721.527
Skammtíahluti lífeyrisskuldbindingar.....	46.000	42.000
	<u>785.347</u>	<u>763.527</u>

17. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2024	31.12.2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	12.963.800	11.742.984
Leiðrétting á stöðu 1.1.	0	(159.199)
Áhrif af endurmati fastafjármuna	0	1.359.604
Reiknaður tekjuskattur ársins	989.256	555.736
Tekjuskattur til greiðslu	(1.098.789)	(535.325)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>12.854.266</u>	<u>12.963.800</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	12.986.337	13.106.845
Óefnislegar eignir	462	0
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	23.650	10.494
Lífeyrisskuldbinding	(157.069)	(152.705)
Frestaður gengismunur	887	(834)
	<u>12.854.266</u>	<u>12.963.800</u>

18. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Almennar viðskiptaskuldir	<u>1.454.926</u>	<u>1.543.493</u>
Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Ógreidd laun og launatengdir liðir	710.166	739.274
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar	46.000	42.000
Ógreiddir virðisauka- og orkuskattar	77.886	75.000
	<u>834.052</u>	<u>856.274</u>

Skýringar

19. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitunnar og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu.

	2024	2023
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Sala til Reykjavíkurborgar.....	1.251.063	1.093.509
Sala til félaga og stofnana undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	371.444	276.063
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	5.688.052	5.534.281
	<u>7.310.559</u>	<u>6.903.853</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Kaup af Reykjavíkurborgar.....	32.381	35.249
Kaup af félögum og stofnunum í eigu Reykjavíkurborgar.....	13.388	32.521
Kaup af hlutdeildarfélögum í samstæðu Orkuveitunnar.....	106.999	106.404
Orkukaup af tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	7.157.547	5.523.890
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	7.693.413	6.551.632
	<u>15.003.729</u>	<u>12.249.696</u>
Vaxtatekjur vegna ávöxtunar lausafjár hjá móðurfyrirtæki.....	213.117	136.192
Vaxtagjöld vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	4.003.293	4.775.460
	<u>4.216.409</u>	<u>4.911.652</u>
Kröfur á tengd félög	31.12.2024	31.12.2023
Krafa á Reykjavíkurborg.....	281.681	142.571
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar	33.451	25.907
	<u>315.132</u>	<u>168.478</u>
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	1.211.200	2.043.250
Krafa á systurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur - vatns- og fráveitu sf.....	653.343	626.900
Krafa á systurfélag, Ljósleiðarann ehf.....	2.186	2.122
Samtals kröfur á félög í samstæðu Orkuveitunnar.....	<u>1.866.730</u>	<u>2.672.271</u>
Skuldir við tengd félög		
Skuld við Reykjavíkurborg.....	13.740	18.350
Skuld við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar	57	1.881
	<u>13.797</u>	<u>20.231</u>
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	784.947	727.698
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.	532.130	282.372
Skuld við systurfélag, ON Power ohf.	813.007	276.983
Skuld við eignarhaldsfélag, Orkuveita Reykjavíkur-Eignir ohf.....	66.472	21.239
Samtals skuldir við félög í samstæðu Orkuveitunnar.....	<u>2.196.555</u>	<u>1.308.291</u>

Skýringar

19. Viðskipti við tengda aðila, frh.

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 15 og upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringu 7. Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi. Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

20. Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórn og framkvæmdastýru er ekki kunnugt um atburði eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Skýringar

21. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Tekjur

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	15 - 50 ár
Dreifikerfi	10 - 90 ár
Aðrar fasteignir	50 ár
Aðrir lausafjármunir	4 - 25 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

Skýringar

21. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 10 um varanlega rekstrarfjármuni.

c. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skattlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 21% vegna ársins 2024.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skattlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.